

## **Vertu flott fyrirmynd.**

Mikil aukning hefur verið á umferð um Laugarvatn á undanförunum árum og höfum við í Bláskógaskóla á Laugarvatni ákveðið að fara af stað með átak í kjölfarið hvað varðar hjóltreiddar.

Daglega fara börn úr skólanum í íþróttahúsið ýmist á æfingu eða í íþróttatíma. Mörg hver fara hjólandi og einhver gangandi, öll eiga þau að nota gangstígana þar sem við á á þessari leið. Við tökum vissulega tillit til þess að ekki sé göngustígur alla leið í íþróttahúsið. Þegar fara þarf yfir götu er skylda að stoppa og líta til beggja hliða og bíða sé að koma bíll. Þar sem þau eru oft yfir 20 að fara saman í einu biðjum við þau sem eru gangandi að nota göngustíginn en leyfum þeim sem eru á hjólum að hjóla á götunni svo lengi sem það er meðfram göngustígnum og vel sést í allar áttir. Það er með öllu stranglega bannað að hjóla á götunni á þeim stöðum sem ekki sést hvort bíll sé að koma á móti og á það sérstaklega við í beygjum. Við verðum að bera virðingu fyrir því að ökutækin eiga réttinn á götunni. Á sama tíma biðjum við þau um að fara varlega á göngustígnum og vera vakandi fyrir gangandi eða hjólandi vegfarendum sem koma á móti og hægja á sér séu þau að taka fram úr öðrum.

Að hjóla án þess að nota hjálm er stranglega bannað, ef barnið kemur hjólandi án þess að vera með hjálm í skólann er því bannað að hjóla á skólatíma. 1. – 4. Bekkur fær ekki að hjóla hjálmlaus á æfingar eftir skóla.

Landsbjörg, Ríkislögreglustjórinn og Umferðarstofa hafa gefið út bækling sem við viljum biðja ykkur um að lesa. Þar er að finna helstu upplýsingar um hjálma hvað varðar stillingar og stærðir, ásamt annarra öryggisupplýsinga.

<https://www.landsbjorg.is/assets/myndir/umferd/us-hjalmar%20baeklingur%20lok%202006.pdf>

Hér má svo finna ýmsar gagnlegar upplýsingar, leiki og myndbönd varðandi umferð og umferðarreglur.

<http://www.umferd.is/>

Við hvetjum ykkur foreldrar, ættingjar og vinir að vera flottar fyrirmyndir. Förun varlega, hjólum á göngustígum þegar við á, berum virðingu fyrir umferðinni á götunni og notum alltaf hjálm. Sendum ekki börnin í skólann án þess að vera með hjálm og sjáum til þess að öll börn noti hann hvort sem þau eru á venjulegum reiðhjólum, barnastólum, reiðhjóla vögnum, hlaupahjólum, hjólabrettum eða jafnvægishjólum.